

# SKÁLDKONAN JÚLÍANA JÓNSDÓTTIR



Skáldkonan Júlíana Jónsdóttir fæddist 27. mars árið 1838 á Búrfelli í Hálsasveit í Borgarfirði. Móðir hennar, Guðrún Samsonardóttir, var ógift þegar hún ól hana og var Júlíana því borin í þennan heim sem lausaleiksbarn. Guðrún lýsti Jón Sigurðsson, ógiftan húsmann í Húnavatnssýslu, föður Júlíönu.

Júlíana ólst upp hjá móðurafa sínum, Samsoni Jónsyni og konu hans Þorbjörgu Þorsteinsdóttur. Þau áttu engin börn saman en Samson átti börn með fimm konum í lausaleik. Þorbjörg átti son fyrir, Eyjólf Jóhannesson. Þjuggu nokkur barna Samsonar hjá þeim hjónum, m.a. Guðrún þegar hún ól Júlíönu. Fjölskyldan flutti stuttu eftir fæðingu Júlíönu að Rauðsgili. Júlíana var skráð tökubarn á heimili afa síns og Þorbjargar eftir að móðir hennar giftist Brynjólfi Konráðssyni, bónda á Horni í Helgafellssveit.

Júlíana minntist æskuáranna ævinlega með hlýju. Afi hennar þótti fróður og hagarður og Þorbjörg kona hans var talin gáfuð og kunní hún margar rímur. Júlíana unni

Þorbjörgu heilum hug og kallaði hana ætíð fósturu sína og einnig þótti henni afar vænt um Eyjólf son Þorbjargar. Orti hún lofsamlega til þeirra beggja.

Samson varð ekki langlífur en hann druknaði í Hvítá þegar Júlíana var þrettán ára gömul. Fluttist hún þá með fósturu sinni, Eyjólf, konu hans Helgu Guðmundsdóttur og tveimur börnum þeirra að Bæ í Bæjarsveit. Þar fermdist Júlíana og hlaut góða viðurkenningu frá sóknarprestinum. Var hún sögð gáfuð, vel læs og siðprúð.

Algengt var á þessum árum að stúlkur væru látnar vinna fyrir sér eftir fermingu og síðasta árið sem Júlíana bjó með fósturu sinni og Eyjólf var hún skráð léttastúlka.

Júlíana gegndi ýmsum störfum um ævina en lengst af var hún vinnukona hjá séra Friðriki Eggerz í Akureyjum á Breiðafirði.

Mun Júlíana hafa flutt vestur um haf í kringum 1885 þar sem hún sinnti heimilishjálpi og barnapössun. Árið 1917 lést Júlíana, ógift og barnlaus.

Eftir Júlíönu komu út tvær ljóðabækur. Hét sú fyrri Stúlka og var gefin út á Akureyri árið 1876. Stúlka var fyrsta ljóðabók eftir konu sem gefin var út á Íslandi. Seinni bókin hét Hagalagðar og var hún gefin út í Winnipeg árið 1916. Júlíana skrifaði einnig leikritið Víg Kjartans Ólafssonar sem var sýnt í Stykkishólmi veturinn 1878-1879. Mun það hafa verið fyrsta leikritið eftir konu sem sett var upp hér á landi.

# ÁRIN Í STYKKISHÓLMI



Árið 1860 flutti Júlíana Jónsdóttir í Akureyjar á Breiðafirði í vinnumennsku hjá sr. Friðriki Eggerz. Vann hún þar í 14 ár og kenndi sig upp frá því við Akureyjar. Í Akureyjum felldi Júlíana hug til manns sem síðar sveik hana. Af ljóðum hennar má greina mikinn sársauka af þessum völdum og var Júlíana ógift alla sína ævi. Hvort það var vegna svika mannsins eða frelsisþrár hennar er ógerlegt að segja.


Eftir dvölinu í Akureyjum flutti Júlíana í Stykkishólm. Hún er sögð flytja í Hólminn árið 1874, en er ekki skráð í sóknarmannatali fyrr en í desember 1875. Í Stykkishólmi vann hún fyrir sér með ýmsum störfum, m.a. sem kaupakona en einnig sinnti hún sjúkum og barnagæslu. Á þeim árum sem Júlíana bjó í Stykkishólmi vann hún sem kaupakona á sumrin meðal annars hjá hálfbróður sínum Hallgrími Jónssyni, í Bergsholti í Staðarsveit.

Um það leyti sem Júlíana flytur til Stykkishólms eiga sér stað miklar umræður um byggingu kirkju í Hólminum. Ákveðið var að koma upp kirkjubyggingu með samskotum, hlutaveltum og gjöfum. Dugmiklar konur úr þorpinu stóðu m.a. fyrir hlutaveltum og var ágóðinn 400 krónur. Þá var rætt um að stofna leikfélag og selja aðgöngumiða til fjáröflunar fyrir kirkjuna og var Sjónleikfélagið stofnað 1878. Stofnendur þess voru Guðmundur Guðmundsson bókbindari, Sveinn snikkari Jónsson og Ólafur Thorlacius verslunarmaður. Fyrstu leikritin sem sett voru upp voru Hrólfur Sigurðar Péturssonar, Tímaleysinginn eftir Holberg og þáttur úr Útilegumönnunum eftir Matthías Jochumsson. Allur ágóðinn, 150 krónur, rann í kirkjusjóð. Júlíana hreifst af leikstarfseminni og lék sjálf á sviði.

Flest bendir til þess að Júlíönu hafi liðið vel í Stykkishólmi og unað hag sínum vel. Hún kynntist öflugum og auðugu félags- og menningarlífi í gegnum leiklistina og ekki síður sönglistina en Júlíana gekk sömuleiðis til liðs við söngfélagið sem stofnað var á svipuðum tíma. Júlíana naut meira frelsis í Hólminum en áður því þar var hún ekki í húsmennsku hjá öðrum. Hún sinnti vinnu en gat á sama tíma sinnt listsköpun sinni.

Talið er að Júlíana hafi lengst af átt heima í Kristjánshúsi, Skólastíg 10 á meðan hún bjó í Stykkishólmi. Hún skipti oft um búsetu en árið 1875 er hún skráð í Kristjánshúsi. Næsta ár í Schiöthshúsi en hluti þess var leigður út til einstaklinga og fjölskyldna. Næstu fjögur árin býr hún aftur í Kristjánshúsi, þaðan flytur hún í Guðbrandsbæ sem í dag er kallaður Höfðabær og loks í bæ Guðrúnar Tómasdóttur og er þar skráð 1882-1883.

# STÚLKA



Eftir Júlíönu Jónsdóttur komu út tvær ljóðabækur. Fyrri bókin kom út árið 1876 og kallaðist Stúlka. Er það fyrsta ljóðabókin eftir konu sem gefin er út hér á landi og í raun höfðu aðeins sárafá ljóð eftir nafngreindar konur birst á prenti hér á landi.

Bókin var prentuð á Akureyri: 134 blaðsíður í fremur litlu broti eins og vandi er um ljóðabækur. Í bókinni er hvergi getið um aðdraganda þess að hún komst í prent en talið er að Árne Thorlacius hafi styrkt útgáfuna. Bókinni var vægast sagt fálega tekið og vakti litla eftirtekt nema um

Breiðafjörð og birtist til að mynda hvergi um hana ritdómur. Hins vegar lifðu margar vísur Júlíönu meðal þeirra sem til hennar þekktu.

Í bók Helgu Kress Stúlka sem kom út árið 1997 og geymir ljóð eftir íslenskar konur fjallar Helga m.a. um Júlíönu og ljóð hennar og segir:

” Lítil mær heilsar löndum sínum, ung og ófróð, en ekki feimin, leitar gestrisni góðra manna, föðurlaust barn frá fátækri móður.

Þannig hljóða einkunnarorð Stúlku, fyrstu ljóðabókarinnar sem kom út eftir íslenska konu. [...] Þetta nafnlausu erindi er merkilega táknrænt fyrir konur og skáldskap þeirra. Það má lesa á marga vegu. Það getur einfaldlega verið sjálfsævisöguleg lýsing, en Júlíana var barn einstæðrar og fátækrar móður. Mærin getur einnig verið táknmynd skáldkonu sem er munaðarlaus í karllegri hefð og aðeins með fátæka kvennahefð að baki. En fyrst og fremst er hún persónugervingur bókarinnar sjálfrar sem er gerð af dóttur fátækrar en sjálfstæðrar móður, skáldkonunnar. [...] Auðséð er á ljóðum Júlíönu að hún hafi haft aðgang að góðu bókasafni ljóða því ljóðakenningar hennar

minna margar á skáld liðinna tíma, allt aftur til Snorra Sturlusonar. Einnig hefur verið bent á að heilræði hennar svipi til verka Hallgríms Péturssonar. Júlíana var trúhneigð mjög og sóttir styrk í trúnni, má lesa það úr ljóðum hennar. Má einnig finna greinilegan mun á ljóðum hennar og ljóðskálda samtíða henni, ekki síst í umfjöllunarefni. Þó svo að hún semji inn í hefðina að einhverju leyti eru ljóð hennar persónulegri, það má því spyrja sig hvort kyn hennar hafi þar eitthvað um að segja. Júlíana var einnig e.t.v. gagnrýnni á samtíma sinn en flest ljóðskáld samtíða henni og má vel greina á ljóðum hennar að hún var ekki sátt með stöðu sína.

Nokkur viðfangsefni bókarinnar eru breiðfirsk, þar á meðal kvæði um dúnhreinsun sem Júlíana þekkti af eigin raun, en dúnhreinsun var með erfiðari verkum í Akureyjum.

Dimmt er dyflissu  
duns og svælu,  
sit jeg einmana,  
súrnar í augum;  
rammur reykur  
rauna minna  
þrýstir að brjósti  
en þreytt er höndin.


“

# VÍG KJARTANS ÓLAFSSONAR - SORGARLEIKUR Í EINUM ÞÆTTI

Þegar Júlíana dvaldi í Stykkishólmi skrifaði hún m.a. leikritið „Víg Kjartans Ólafssonar“ en í verkinu endursagði Júlíana hluta Laxdælu. Leikritið var sett á svið í Stykkishólmi veturinn 1878-1879. Var þetta í fyrsta skipti sem leikrit eftir konu var sett á svið hér á landi svo vitað sé. Frá svipuðum tíma er leikrit eftir Sigríði Bogadóttur (1818-1903) biskupsfrú en líklega er það heldur yngra en verk Júlíönu. Þegar „Víg Kjartans Ólafssonar“ var sett á svið lék Júlíana sjálf aðalhlutverkið, Guðrúnu Ósvífursdóttur. Stykkishólmur var á þessum árum miðstöð menningar á Vesturlandi og virðist Júlíana hafa notið bæjarins og menningarlífsins mjög þótt bærinn hafi aðeins verið viðkomustaður á ferð hennar til Vesturheims.

Leikrit Júlíönu hefur aðeins varðveist í einu handriti og er það geymt á Landsbókasafni Íslands. Er því lýst í handritaskrá sem svo: „Bók með kvæðum og leikritum m.h. Ólafs Thorlaciuss í Stykkishólmi“, er bókin talin skrifuð „ca. 1905-1906“. Meðal leikrita er þar nefnt „Víg Kjartans Ólafssonar“. Er það sagt sorgarleikur í einum þætti samantekinn af Júlíönu Jónsdóttir (!) skáldkonu. Vert er að benda á að skrásetjari hefur sett upphrópunarmerki í sviga fyrir aftan nafn Júlíönu, mögulega þótti honum svo fráleitt að kona hafi verið höfundur leikrits. Í skrá yfir leikritshandrit í vörslu Landsbókasafns er Ólafur Thorlacius sagður höfundur af „Vígi Kjartans Ólafssonar“ og hefur þar nafn Júlíönu alveg verið þurrkað út.

Í handritinu eru sjö leikrit og er leikrit Júlíönu fremst með svohljóðandi frásögn: „Víg Kjartans Ólafssonar, Sorgarleikr í 1 þætti samantekinn af Júlíönu Jónasdóttir skáldkonu. ‘Viðburðr úr Laxdælu Sögu’.“ Er orðið skáldkona með smærra lettri og hefur því verið bætt við spássíu síðar. Leikritin í handritinu sem á eftir koma eru öll eftir Ólaf Thorlacius (son Árna Thorlasiusar), flest sorgar- eða harmleikir, líkt og verk Júlíönu.



# ÁRIN Í VESTURHEIMI



Um 1885 fluttist Júlíana Jónsdóttir til Vesturheims. Erfitt er að fylgja ferðum hennar með vissu en hún virðist hafi dvalið til skamms tíma í Görðum í Norður-Dakóta. Þaðan var ferðinni heitið til Winnipeg þar sem hún bjó um hríð en að lokum fluttist hún til Interbay í nágrenni Seattle. Að síðustu bjó Júlíana á heimili íslenskra hjóna, þeirra Önnu og Árna Magnússonar í Blaine í Washingtonfylki. Júlíana lést 79 ára að aldri, þann 12. júní 1917. Hún var ógift og barnlaus.

Til að rekja lífsferil Júlíönu eftir að hún flyst vestur um haf er helst hægt að styðjast við athugasemdir í blöðum vestanhafs og horfa í ljóð Júlíönu sjálfrar. Þau eru persónuleg og lýsa mörg högum hennar og væntingum. Af heimildum má ráða að Júlíana hafi verið fátæk kona og átt við heilsubrest að stríða. Í ljóðum hennar má glögg finna fátæktina,

einmanaleikann og bágar aðstæður sem hún býr við. Samt sem áður virðist Júlíana hafa unað hag sínum vel ytra. Henni voru sendar peningagjafir og eitthvað hefur hún fengið greitt fyrir að flytja kvæði sín. Júlíana hélt góðu sambandi við Íslendinga fyrir vestan, eins og flestir gerðu sem fluttu vestur um haf, og samkvæmt munnlegum heimildum byggðu nokkrar íslenskar fjölskyldur lítinn bjálkakofa fyrir skáldkonuna sem hún nefndi Skálavík. Í Vesturheimi vann Júlíana aðallega fyrir sér með heimilishjálp og barnapössun og gætti hún íslenskra barna fyrir samlanda sína.

Önnur ljóðabók Júlíönu Hagalagðar kom út árið 1916 í Winnipeg, 40 árum eftir að Stúlka kom út. Í Hagalögðum hugsar Júlíana með hlýju til æskustöðvanna og ættjarðarinnar. Heimprána má glögg greina í ljóðunum og virðingu fyrir landinu sem hana ól. Heimpráin sveipar fortíðina dýrðarljóma og eru kvæði hennar

barmafull af djúpum tilfinningum, eins og gjarnan var með skáldskap 19. aldar. Júlíana heldur sig á svipuðum nótum og áður hvað varðar myndmál og efnisval þrátt fyrir að 40 ár séu á milli útgáfu bókanna. Líklega voru Hagalagðar fyrsta ljóðabókin eftir íslenska konu sem kom út í Kanada. Það má því fullyrða að þessi merka skáldkona hafi verið langt á undan sinni samtíð og rutt brautina fyrir konur sem á eftir komu.